

**3. gr.**

Ríkisstjórnin ákveður með auglýsingu, hvort og hvenær ákvæðum heimildar-  
laga þessara skuli beitt.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

3. marz 1969.

Nr. 6.

**L Ö G**

**um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1969 með viðauka eftirtalin  
gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfangjöld önnur en þau, er um  
ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr.  
60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi,  
öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið  
3. kafla með 50% álagi.

**2. gr.**

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta,  
sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. marz 1969.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*